

Múlaþing
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Garðabær, 1. janúar 2025
Málsnúmer: 202411-0029
BK

Efni: Frístundabyggð við Eiða – nýtt deiliskipulag

Vísað er í tölvubréf frá Múlaþingi sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 20. nóvember 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir frístundabyggð við Eiða. Skipulagssvæðið liggur á milli Lagarfljóts og Borgarfjarðarvegar og er um 53 ha að stærð.

Náttúrufræðistofnun hefur veitt umsagnir á fyrri stigum málsins, nú síðast um [tillögu að aðalskipulagsbreytingu](#). Í fyrri umsögnum hefur m.a. komið fram að skipulagssvæðið einkennist af verðmætum vistgerðum og ríku fuglalífi og er innan svæðis (Úthérað) sem Náttúrufræðistofnun hefur skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði og tilnefnt á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár vegna vistgerða á landi, fugla og sela. Þá eru votlendisflákar innan skipulagssvæðisins sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og náttúrulegur birkiskógur.

Verulega hefur verið dregið úr umfangi fyrirhugaðrar frístundabyggðar frá fyrstu tillögum og er það afar jákvæð breyting að mati Náttúrufræðistofnunar. Núverandi áformum mun þó engu að síður enn fylgja töluvert rask á birkiskógum og votlendi og einnig skerðing á búsvæðum fugla.

Í kafla 1.5.3 *Fuglar og spendýr* er texti eignaður Náttúrufræðistofnun þar sem segir: „Ysti hluti Úthéraðs, votlendi og sandar í Hjaltastaðapínghá, Húsey, Eylendið í Jökulsárhlíð, ásamt Egilsstaða- og Finnsstaðanesjum utan við Egilsstaði, eru á náttúruminjaskrá. Allt svæðið er á IBA-skrá. Á svæðinu er talsvert af grágæs, rjúpu, skógarþröstum, og öðrum smáfuglum, ekki er að finna upplýsingar um varp sjaldgæfra tegunda á svæðinu.“

Óvíst er hvaðan feitletraði hlutinn er upprunninn en hann á líklega við um skipulagssvæðið frekar en Úthérað í heild sinni. Þá eru þarna talin upp svæði á Úthéraði sem þegar eru á náttúruminjaskrá en skilgreint mikilvægt fuglasvæði er stærra.

Innan og í grennd við skipulagssvæðið er mikið fuglalíf og þar er að finna, auk þeirra tegunda sem koma fram í feitletruðu hér að ofan, m.a. himbrima, lóm, flórgoða, álft, rauðhöfðaönd, skúfönd, stokkönd og urtönd. Oft má sjá skúm á veiðum og kría og ýmsir máfar sækja líka í Eiðavatn (Halldór W. Stefánsson, óbirt gögn). Þá má gera ráð fyrir háum þéttleika vaðfugla á votlendissvæðum milli kjarrásanna og í öðrum opnum búsvæðum en rannsóknir hafa sýnt að frístundahús hafa neikvæð áhrif á þéttleika margra tegunda vaðfugla á nærliggjandi svæðum.¹

¹ Pálsdóttir, A. E., Alves, J. A., Gill, J. A., Pálsson, S., Méndez, V. & Gunnarsson, T. G. 2024. Introduction of summer houses into semi-natural habitats: impacts on ground-nesting birds. *Animal Conservation*. <https://doi.org/10.1111/acv.12938>

Náttúrufræðistofnun ítrekar fyrri ábendingu um að kanna þurfi útbreiðslu eggtvíblöðku, friðaðrar plöntutegundar sem er skráð í Eiðahólma og gæti vaxið víðar innan fyrirhugaðs frístundasvæðis. Einnig ber að hafa í huga að 50 m fjarlægð mannvirkja frá vatnsbakka er ekki nægileg til þess að tryggja viðunandi fuglavernd og ætti að leitast við að hafa fjarlægðina meiri sé þess kostur.

Þá er æskilegt að settir verði skilmálar til að koma í veg fyrir dreifingu framandi og hugsanlega ágengra plöntutegunda innan svæðisins og að reynt verði að hefta frekari dreifingu slíkra tegunda sem þegar eru til staðar. Í því sambandi skal bent á að stafafura uppfyllir allar skilgreiningar á ágengri framandi tegund.¹

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur

¹ Pawel Wasowicz, Guðrún Óskarsdóttir, Guðrún Gísladóttir og Þóra Ellen Þórhallsdóttir 2022. Stafafura (Pinus contorta) í Steinadal - mat á ágengni. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-22004.

